

Alþingi
Erindi nr. P 127/1994
komudagur 15.4.2002

Til umhverfisnefndar Alþingis 15. apríl 2002.

Sendi hér með erindi frá Æðarræktarfélagi Íslands með ósk um að umhverfisnefnd Alþingis taki tillögur okkar til greina og felli þær inn í þær breytingar sem verið er að vinna að með frumvarpi til laga um Umhverfisstofnun.

*Virðingarfyllst,
f.h. AEÍ*

Jónas Helgason, formaður

**Erindi Æðarræktarfélags Íslands um breytingu á lögum
nr. 64/1994;
"um vernd, friðun og veiðar á villtum
fuglum og villtum spendýrum."**

Æðarræktarfélag Íslands óskar hér með eftir því við Alþingi Íslendinga að lögum 64/1994, "um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum", verði breytt með eftirfarandi hætti.

1. mgr. 4. greinar hljóði svo.

Embætti veiðistjóra er ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfisráðuneytið. Umhverfisráðherra skipar veiðistjóra eftir tillögu frá Bændasamtökum Íslands. Veiðistjóri skal vera líffræðimenntaður, búfræðimenntaður eða hafa aðra þá menntun sem umhverfisráðherra og Bændasamtök Íslands telja fullgilda. Hann skal auk þess hafa haldgóða reynslu af veiðum, veiðiaðferðum og meðferð skotvopna.

3. mgr. 4. greinar hljóði svo.

Þær hagnýtu rannsóknir á villtum dýrum, sem nauðsynlegar eru til að styrkja starf veiðistjóraembættisins, skulu stundaðar á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands í samráði við veiðistjóraembættið. Fé úr veiðikortasjóði skal m.a. notað til að kosta þær rannsóknir. Embætti veiðistjóra, ásamt tilheyrandi skrifstofuhaldi, skal vistað hjá Bændasamtökum Íslands. Veiðistjóra er heimilt að fela öðrum aðila að annast þann þátt sem snýr að útgáfu veiðikorta.

Greinargerð

Embætti veiðistjóra var stofnað með lögum nr. 52/1957. Aðdragandi þess var langur og voru m.a. gerðar samþykktir um málið á Búnaðarþingum 1951 og 1955, en bændur létu þessi mál mjög til sín taka. Enda var embættið vistað hjá Búnaðarfélagi Íslands frá upphafi til 1991 að það fluttist í sama húsnæði og Náttúrufræðistofnun Íslands. Frá 1995 hefur embætti veiðistjóra haft aðsetur á Akureyri. Það er álit allra þeirra fjölmörgu bænda sem tjáð hafa sig um þessi mál, að með flutningnum frá samtökum bænda, hafi embættið orðið fjarlægara bændum og öðrum dreifbýlisbúum sem óska eftir þjónustu þess. Sömu

aðilar horfa með söknuði til tíma Sveins Einarssonar og þeirrar þjónustu sem embættið veitti þá, en þar naut embættið örugglega nálægðar við samtök bænda. Á það þarf vart að minna að langmestur hluti allra veiða á fugli og vargdýrum á sér stað innan landamerkja lögbýla og snertir því hagsmuni bænda með beinum hætti.

Elstu lög um fækkun refa eru frá 1295, sem sýnir að alla tíð hefur þótt nauðsynlegt að halda refastofninum innan ákveðinna marka til að draga úr tjóni af þeirra völdum. Síðar kemur svo minkurinn og vaxandi fjöldi vargfugla sem leggjast á sömu þætti lífríkisins og refurinn. Til að halda tjóni af völdum þessara tegunda í lágmarki er grundvallaratriði að þeir sem þeim málum stýra (veiðistjóraembættið m.a.), hafi sem skilvirkastan starfsgrundvöll.

Því er lagt til að veiðistjóraembættið verði endurskipulagt og gert virkt til leiðbeininga og aðstoðar við sveitarfélög, veiðimenn og einstaka bændur sem vinna að því að halda í skefjum refum, minkum og vargfugli og starfi að þessu leyti með svipuðum hætti og það gerði fyrir þá breytingu sem varð með setningu núverandi laga um embættið.

Þá þarf að tryggja að fram fari hagnýtar rannsóknir á aðferðum til að halda í skefjum refum, minkum og vargfuglum, og til að draga úr tjóni af þeirra völdum verði rannsóknir auknar og að til þeirra renni verulegur hluti þess fjár sem kemur inn fyrir sölu veiðikorta.

Með þessum tillögum er leitast við að færa embætti veiðistjóra nær bændum og þeim viðhorfum sem þeir telja að embættið þurfi að starfa eftir, ekki er kveðið á um staðsetningu, en ef erindið gengur eftir er það er einfaldlega á valdi Bændasamtakanna að ákveða hvar veiðistjóri hefur aðsetur.

Þá er sú breyting lögð til að aðskilja rannsóknir og framkvæmd veiðimála. Náttúrufræðistofnun Íslands er sá opinberi aðili sem m.a. annast rannsóknir á villtum dýrum og er eðlilegra að veiðistjóraembættið njóti þeirra rannsókanaverka en hafi tillögurétt um verkefnaval og áherslur.

Varðandi útgáfu veiðikorta er ekkert í vegi fyrir því að fela öðrum framkvæmd verksins þótt embætti veiðistjóra hafi áfram yfirumsjón með verkinu.

Meðfylgjandi gögn eru:

- 1) Tillaga sama efnis samþykkt á aðalfundi Æðarræktarfélags Íslands 15/11/1997, sem send var umhverfisráðherra.
- 2) Tillaga sama efnis frá æðarræktardeildinni Æðarvé til umhverfisráðherra.
- 3) Minka- og refaveiðar. Ályktun Búnaðarþings 1999. Mál 99020019 Þ.skj. 19-3.
- 4) Eyðing vargfugls, refa og minka. Ályktun Búnaðarþings 2000. Mál 00020012 Þ.skj. 12-3.
- 5) Eyðing refa og minka. Ályktun Búnaðarþings 2002. Mál 02020032 Þ.skj.32-3.

**1) Tillaga lögð fyrir aðalfund,
Æðarræktarfélgs Íslands 15/11/1997**

"Aðalfundur Æðarræktarfélgs Íslands, haldinn í Reykjavík 15. nóvember 1997, beinir því til umhverfissráðherra, að hann beiti sér fyrir því að embætti veiðistjóra verði endurskipulagt og faglegi þáttur þess, sem snýr að framkvæmd við fækkun tófu, minks og flugvargs er herjar á íslenskan landbúnað, verði fluttur til Bændasamtaka Íslands og þá til þess fyrirkomulags sem áður var."

Greinargerð.

" Á síðari árum hafa vandamál tengd tófu, mink og flugvargi farið vaxandi. Til þess að betri árangur náist á þessu sviði er mikilvægt, að Veiðistjóraembættið veiti leiðsögn, sýni frumkvæði, aðstoði við beinar aðgerðir og sé í sem bestum tengslum við það umhverfi sem það vinnur fyrir.

Reynslan af núverandi starfsháttum Veiðistjóraembættisins er ekki með þeim hætti sem æðarbændur vildu og horfa þeir þá gjarnan til þess tíma þegar embættið var stofnað með lögum nr. 52/1957. En síðari breytingar þessara laga hafa verið í þá átt að fjarlægja embættið hinu upphaflega markmiði. Minna má á að elstu lagasetningar um fækkun refa ná að minnsta kosti aftur til ársins 1295, sem sýnir hversu lengi hefur verið lögð áhersla á fækkun refa.

Til þess að ná sem bestum árangri við fækkun tófu, minks og flugvargs er nauðsynlegt að til þeirra starfa ráðist menn með staðgóða þekkingu á lifnaðarháttum og atferli þessara dýra og kunni að lesa það umhverfi sem þau lifa í, ásamt því að hafa reynslu og kunnáttu í meðferð skotvopna. Þótt háskólamenntun sé góð, þá dugar hún ekki ein sér til þess að skapa sérfræðinga á þessum vettvangi.

Í allri umfjöllun um breytingar á embætti veiðistjóra er nauðsynlegt að viðkomandi hagsmunaaðilar taki þátt í umræðu og ákvarðanatöku.

Embættið á að vera leiðbeinandi um flest það sem lýtur að veiðum og eftirliti með þeim, sérstaklega þegar um er að ræða varg sem veldur tjóni. Á það þarf vart að minna að langmestur hluti allra veiða á fugli og vargdýrum á sér stað innan landamerkjá lögbýla. Því varðar það miklu að stofnun sem fæst við framangreind mál sé sem næst bændum og þeim stofnunum öðrum (leiðbeiningaþjónustu) sem starfræktar eru fyrir bændur."

Tillagan var samþykkt samhljóða og síðan send umhverfissráðherra.

**2) Tillaga frá Æðarræktardeildinni Æðarvé við Breiðafjörð til
umhverfissráðherra frá 25. febr. 1998.**

Umhverfissráðherra Íslands.

Þar sem fyrir liggur að velja veiðistjóra á næstunni vill stjórn Æðarvéa, sem er deild í Æðarræktarfélagi Íslands, beina eftirfarandi tilmælum til ráðherra: Athugað verði hvort breyta megi fyrirkomulagi veiðistjórnunar í landinu, með hliðsjón af fenginni reynslu. Að okkar dómi var upphaflegur tilgangur með veiðistjórastarfinu verkstjórn í baráttunni við tófu og "vargfugla" en ekki síst minkinn. Ekki var óeðlilegt að starfið var

tengt bændasamtökum þar sem vargdýravandinn snertir einkum landbúnað og dreifbýli, um leið og hann er náttúruverndarmál þjóðarinnar í heild.

Ærið starf er fyrir veiðistjóra að stjórna veiðum og nauðsynlegri fækkun meindýra, leiðbeina þeim sem að því starfa, samrýma aðgerðir o.s.frv. Hann þarf því að vera fróður um veiðar og hafa þekkingu og reynslu á því sviði. Rannsóknir á dýralífi ættu hinsvegar náttúrufræðingar að gera, enda óeðlilegt að veiðistjóri standi í því. Á öðrum sviðum telst óhæfa að sami maður rannsaki mál, dæmi í þeim og framfylgi síðan dómi.

Við mælum því eindregið með framkomnum hugmyndum um að starfið verði aðskilið frá rannsóknum, og jafnvel veiðikortavafstri, en veiðistjóri geti helgað sig áður nefndum verkefnum, gjarnan í samstarfi við samtök bænda eins og áður var.

Virðingarfyllst,

Stjórn Æðarvéa,
Eysteinn G Gíslason Skáleyjum
Eiríkur Snæbjörnsson Stað
Sigurður Þórólfsson Ytri - Fagradal

Afrit sent til.

Æðarræktarfélag Íslands.

Hlunnindaráðunauts bændasamtakana.

3)

Búnaðarþing 1999: Samp. samhlj. (s. umr.)

Dagsetning skjals	6.mars 1999	Mál: 99020019 Þ.skj.19-3	6. mars 1999 - HÓ
Tegund skjals	Samp. samhlj. (s. umr.)	Niðurst. atkv.gr. (með - á móti)	
Nefnd:	Umhverfis- og jarðræktarnefnd		
Framsögumaður:	Hilmar Össurarson		

Minka- og refaveiðar

Búnaðarþing 1999 beinir því til stjórnar Bændasamtakanna og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að þessar stjórnir eða starfshópur á þeirra vegum taki upp viðræður við ríkisvaldið um eftirfarandi:

- Hækkun endurgreiðslu ríkissjóðs á kostnaði við minka- og refaveiðar.
- Endurgreiddur verði virðisaukaskattur af kostnaði við minka- og refaveiðar.

Greinargerð

- Samkvæmt vitnisburði veiðistjóra stefnir nú í því líka fjölgun á mink í landinu að þær veiðiaðferðir sem notaðar hafa verið sl. áratugi virðast of litlum árangri skila,

með óbætanlegum afleiðingum m.a. í ýmsum náttúruperlum svo sem Mývatni og ýmsum fuglabjörgum um allt land. Um margt er svipaða sögu að segja með refinn sem þó virðist mögulegra að halda í skefjum miðað við aukinn kostnað samfélagsins.

Vegna afleitar fjárhagsstöðu margra dreifbýlissveitarfélaga telur Búnaðarþing ósennilegt að þau geti lagt í aukinn kostnað þessu samfara.

- b) Eins og kunnugt er fá sveitarfélög endurgreiddan virðisaukaskatt af kostnaði við ýmsa þjónustu svo sem sorphirðu, snjómokstur og sérfræðiþjónustu. Það er því í hrópandi ósamræmi að ekki skuli fást endurgreiddur virðisaukaskattur af minka- og refaveiði.

Búnaðarþing bendir á að e.t.v. yrði það þessu réttlætismáli til framdráttar ef Samband íslenskra sveitarfélaga beitti sér fyrir samræmingu á greiðslufyrirkomulagi þessarar þjónustu hjá sveitarfélögunum.

Bjarni Guðráðsson
Jón Benediktsson
Lárus Sigurðsson

Hilmar Össurarson
Kjartan Ólafsson
Smári Borgarsson

4)

Búnaðarþing 2000: Samþ. samhlj. (s. umr.)

Dagsetning skjals	9.mars 2000	Mál: 00020012 Þ.skj.12-3	9. mars 2000 - ÁK
Tegund skjals	Samþ. samhlj. (s. umr.)	Niðurst. atkv.gr. (með - á móti)	
Nefnd:	Umhverfis- og jarðræktarnefnd		
Framsögumaður:	Hilmar Össurarson		

Eyðing vargfugls, refa og minka

- Fækkun refa og minka.***
Búnaðarþing 2000 minnir á ályktanir síðasta þings um ref og mink. Sérstaklega er þörf að setja af stað sérstakar aðgerðir vegna minkastofnsins og þess skaða sem hann veldur í lífríkinu. Þingið leggur áherslu á bættu eftirfylgni bændasamtakanna í málum þessum.
- Vörn gegn vargi.***
Búnaðarþing 2000 bendir á nauðsyn þess að koma í veg fyrir að vargfugl hafi aðgang að æti, svo sem sláturúrgangi, hræjum, sorpi eða fiskmeti sem notað er til fôðurs.

Jafnframt þarf að vinna markvisst að fækkun fugla, sem mögulegt er að beri sýkingar í búfé.

Greinargerð

Á síðustu mánuðum hafa komið upp alvarlegar sýkingar í búfé sem mögulegt er að rekja megi til vargfugls, einkum hrafn og máva. Ekki er mögulegt að útrýma smiti úr þessum fuglastofnum, stærð þeirra verður að takmarka með veiðum til þess að samrýmist almannaheill.

Rétt er einnig að benda á að sterkur grunur leikur á því að hrafnar geti borið riðusmit. Þessir fuglar (hrafn, svartbakur, sílamáfur) valda einnig miklu tjóni á öðrum fuglastofnum t.d. æðarfugli og öðrum friðuðum stofnum.

Bjarni Guðráðsson
Jón Benediktsson
Sigþór Smári Borgarsson

Hilmar Össurarson
Kjartan Ólafsson
Þorsteinn Kristjánsson

5)

Búnaðarþing 2002: Samþ. samhlj. (s. umr.)

Dagsetning skjals 6.mars 2002 Mál: 02020032 Þ.skj.32-3
Tegund skjals Samþ. samhlj. (s. umr.) Niðurst. atkv.gr. (með - á móti)

Nefnd: Umhverfis- og jarðræktarnefnd
Framsögumaður: Hilmar Össurarson

Eyðing refa og minka

Búnaðarþing 2002 felur stjórn Bændasamtakanna að hafa frumkvæði að samstarfi Landssambands veiðifélaga, Æðarræktarfélag Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bændasamtakanna um að vinna markvisst að því við ríkisvaldið að hækka fjárframlög hins opinbera til að halda fjölda refa í skefjum og verja a.m.k tiltekin svæði landsins fyrir mink eins og tók eru á. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að þar sem þessum dýrum fjölgar úr hófi horfa menn upp á eyðingu á fjölbreyttu fuglalífi. Á það skal bent að auka þarf vægi leiðbeininga og aðstoðar við veiðar og veiðimenn og tengja þann þátt annari starfssemi bænda á svið leiðbeininga. Auk hækkaðra fjárframlaga fái sveitarfélög endurgreiddan virðisaukaskatt af kostnaði við refa- og minkaveiðar

Bergur Pálsson
Jón Benediktsson
Sólrún Ólafsdóttir

Hilmar Össurarson
Kjartan Ólafsson
Þorsteinn Kristjánsson